

Ari T. Guðmundsson bendir á elztu olíumynd föður síns, málaða árið 1919. Tímamynd: Gunnar.

Minningarsýning á Kjarvalsstöðum

— Yfirlitssýning á verkum Guðmundar frá Miðdal

BH-Reykjavík. — **Minningarsýning um listamanninn Guðmund Einarsson frá Miðdal verður opnuð á Kjarvalsstöðum nú um helgina og verður hún opin til sunnudagsins 23. marz. Sýningartíminn er frá 4-10 alla virka daga og 2-10 á sunnudögum.**

Hér er um að ræða yfirgripsmikla sýningu á verkum þessa mikilvirka og snjalla myndlistarmanns, sem lagði gjörva hönd á margt, svo sem verk hans bera gleggstan vott um. Höggmyndir hans halda minningu hans á lofti víða um heim, olíumyndir hans og vatnslitamyndir prýða heimili manna víðs vegar og svartlistarmyndir hans eru kunnar, en nokkrar þeirra verða til sölu á þessari sýningu.

Að öðru leyti eru myndirnar á sýningunni allar í einkaeign, og liggur mikið verk að baki söfnunar þeirra, svo að mynda mætti heilsteypta sýningu sem þessa. Að sýningunni standa Lýdia Pálsdóttir, Einar Guðmundsson, Yngvi Guðmundsson, Auður Guðmundsdóttir, Ari T. Guðmundsson, Egill Guðmundsson og Guðmundur Einarsson.

Verkakvennafélagið Framsókn

heldur félagsfund í Alþýðuhúsinu við Hverfisgötu þriðjudaginn 18. marz kl. 20.30.

FUNDAREFNI:

1. **Félagsmál**
2. **Samningarnir.**
3. **Heimild fyrir verkfallsboðun.**

Mætið stundvíslega. Sýnið skírteini við innganginn.

Stjórnin.

Tilboð dagsins

Til sölu

aftanívagn

með beizli 20 tonna, 2ja öxla, í góðu ástandi, ný innfluttur.

Traktorspressa

Eigum til afgreiðslu notaða Hydor loftpressu 130-140 c.f.m., nýlega innflutta.

Tengivagnar

Höfum til sölu nokkra tengivagna, 28 feta, 2ja öxla með sléttum palli.

HF HÖRÐUR GUNNARSSON SKÚLATÚNI 6 SÍMI 19460

ÞAU ERU KOMIN!

PIONEER tækin sem allir hafa beðið eftir eru loksins komin aftur


Við gefum 3ja ára ábyrgð

Góðir greiðsluskilmálar

Viðgerðar- og tækniþjónusta á staðnum

Einnig höfum við fengið mjög góða hátalara frá danska fyrirtækinu Orta Fon og bandaríska fyrirtækinu KLH


Heimsþekkt gæðavara




PL-71 DIRECT DRIVE TURNTABLE PIONEER



H-R 99 HOME STEREO PIONEER



SX-535 2-CHANNEL RECEIVER PIONEER



CT-5151 STEREO CASSETTE DECK PIONEER



KARNABÆR HLJÓMTÆKJADEILD Laugavegi 66 · Sími 1-43-88